

# Drög

## Starfsleyfisskilyrði fyrir flutningastarfsemi, Fiskimarkaður Siglufjarðar ehf, kt: 690904-3490 Tjarnargötu 16, 580 Siglufjörður

Gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra í samræmi við ákvæði eftirtalinnna laga og reglugerða:

Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, lög nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti, með síðari breytingum, reglugerð 536/2001 um neysluvatn, reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir vöruflutninga á matvælum og öðrum varningi sem til fellur. Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstri, taki nýr rekstaraðili við eða starfsemin flytur. Tilkynna skal til heilbrigðisnefndar um breytingar með góðum fyrirvara.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur, s.s. verkstæði, gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið og beita bestu fáanlegu tækni til að ná þeim markmiðum. Orku skal nýta vel.
- 1.6 Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan rekstrarúrgang og spilliefni, þeim skilað til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.

### 2. Öryggi matvæla, húsnæði og búnaður.

- 2.1 Aðbúnaður og skipulag á umráða- og athafnasvæði skal hannað með tilliti til öryggis matvæla og tryggja eftirfarandi;
  - lágmarkslíkur á krossmengun, annarri mengun og útbreiðslu meindýra.
  - auðvelt aðgengi vegna viðhalds, þrifa og sótthreinsunar.
  - auðvelt eftirlit með hreinlæti, sýnatöku ofl.
- 2.2 Halda skal mannvirkjum, lóð, lóðaraðkomu og bílastæðum snyrtilegum. Starfsmenn skulu klæðast viðeigandi hreinum hlífðarfatnaði eins og kostur er, fylgja hreinlætisáætlunum og umgengnisreglum eins og kveðið er á í innra eftirlitskerfi.
- 2.3 Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt og geymd í lokaðri hirslu. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 2.4 Húsakynni fyrirtækisins skulu vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar. Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.5 Bifreiðum, tækjum og lausamunum, sem ekki er í notkun, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins, án þess að vera til lýta í umhverfi.
- 2.6 Óheimilt er að geyma bílhra og annan úrgang í óhirðu á lóð.
- 2.7 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.

### 3. Almennar kröfur til mengunarvarna

- 3.1 Fyrirtækið skal leitast við að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 728/2008 um hávaða, þar með talið keyrsla kælivéla í flutningabílum.
- 3.2 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s.s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar. Óheimilt er að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en örstutta stund.
- 3.3 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislislagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Breytingar á frárennisliskerfi þurfa samþykki byggingafulltrúa.
- 3.4 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Spilliefnum skal skila til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðva. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.5 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu hans og þrífnað lóða.
- 3.8 Fyrirtækið skal leitast við að lágmarka vatnsnotkun.

### 4. Sértekar kröfur um mengunarvarnir

- 4.1 Fyrirtækið skal tryggja að ryk frá lóð og starfsemi valdi ekki ónæði eða tjóni utan lóðarmarka með því m.a. að:
  - a. Hafa akstursleiðir, bílaplön og geymslusvæði með bundnu slitlagi til að auðvelda hreinsun.
  - b. Skipuleggja reglubundin þrif á geymslusvæðum og plönunum, þannig að sem minnst óþægindi og mengun vegna ryks stafi frá þessum svæðum.
- 4.2 Fyrirtækið skal hafa þvottaaðstöðu til þrifa á búnaði, tækjum og bifreiðum.
- 4.3 Um kælimiðla sem í notkun eru í fyrirtækinu gilda ákvæði reglugerðar nr. 533/1993 um kæli og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum. Eftirlit, rekstur og viðhald kæli og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla.
- 4.4 Plan og gólf þar sem geymd eru olúefni skulu hafa sandfangara við niðurföll. Viðbragðsáætlanir vegna mengunarslysa skal vera aðgengileg starfsmönnum. Rekstraraðilar skulu hafa tiltækan lágmarksbúnað, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, svo hægt sé að bregðast við mengunaróhöppum eftir því sem kostur er. Olúáfyllingar skulu fara fram á áfyllingsplani sem tengt sé olúskilju.